

7. fundur stjórnar

Starfsárið 2025-2026

21. júlí 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Kári
(framkvæmdastjóri)

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 15:35.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Kvikmyndasafn

Við tiltekt í geymslu Samtakanna '78 fundust meðal annars erlendar kvikmyndir á filmu og sýningarvél. Kvikmyndasafn Íslands hefur boðist til að geyma þetta góss. Stjórn samþykkir það.

3. Borgarleikhúsið

Stjórn ræðir samstarf Samtakanna og Borgarleikhússins á síðasta leikári, og möguleika á áframhaldandi samstarfi á næsta leikári.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri flytur stjórn fréttir af starfsmannamálum á skrifstofu.

5. Hinsegin dagar

Kári fer yfir undirbúning fyrir þátttöku Samtakanna í gleðigöngu Hinsegin daga. Undirbúningur er í fullum gangi og í góðum höndum. Stjórn ræðir.

Fundi slitið: 16:08.